

Helstu tillögur starfshópsins varðandi breytingar á gjaldskrá fræðslu- og frístundapjónustu eru hækkun á frístundastyrk í kr. 3000 á mánuði vegna þátttöku barna í uppbyggilegu íþrótt- og tómstundastarfi og gildi fyrir börn á aldrinum 6 til 18 ára í stað 16 ára eins og nú er. Einnig hækkun á systkinaafslætti í 50% afslátt fyrir barn nr. 2 og 75% afslátt fyrir þriðja barn. Afsláttur kemur sjálfkrafa og gengur yfir öll skólastig. Tillagan í heild sinni var samþykkt samhljóða í starfshópnum og vísað til afgreiðslu í fræðsluráði.

Starfshópurinn áréttar mikilvægi þess að framkomnar tillögur komi til framkvæmda á þessu ári og taki gildi frá og með 1. september 2016.

Starfshópurinn hefur ekki fjallað um gjaldskrá Tónlistarskóla og tekur þar af leiðandi ekki afstöðu til verðskrá skólans.

Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til sex klukkustunda „gjaldfrjáls leikskóla“ þar sem ákveðið hefur verið að stofna nýjan starfshóp til að skoða það mál.

Framlagðar tillögur starfshóps varðandi breytingar á gjaldskrá Hafnarfjarðarbæjar eru eftirfarandi:

Grunn- og leikskólar:

Stefnt skal að því að fæðisgjald grunn- og leikskóla verði ávallt sem næst raunkostnaði hráefnis og falli ekki inn í systkinaafslátt eða tekjutengdan afslátt.

Á undanförunum árum hefur verið stefnt að því við að fæðisgjald sé sem næst raunkostnaði við hráefni og það markmið hefur að mestu leyti náðst. Starfshópurinn leggur til að áfram verði miðað við að fæðisgjald verði sem næst útlögðum kostnaði vegna hráefnis.

Tekjutenging vegna leikskólagjalda verði með óbreyttu sniði (í samræmi við minnisblað frá 15. ágúst sem lagt var fyrir bæjarráð)

Afsláttarfyrirkomulag vegna leikskólagjalda með tenginu við tekjur var tekið upp árið 2012. Fyrirkomulag er þannig að lægri tekjuhópar eiga kost á allt að 40% afslætti af leikskólagjöldum. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum nýtist þetta fyrirkomulag um 68% af einstæðum foreldrum og 12% af tekjulágum foreldrum í sambúð(árið 2013) og því er lagt til óbreytt fyrirkomulag.

Systkinaafsláttur verði aukinn í 50% fyrir barn nr. 2 og 75% fyrir barn nr. 3 og gildi milli þjónustu stiga í samræmi við núverandi reglur

Systkinaafsláttur er núna 30% fyrir barn nr. 2 og 50% fyrir barn nr. 3. Við yfirferð á heildargjöldum barnafjölskyldna kemur ljóslega fram mikilvægi þess að mæta barnmörgum fjölskyldum með hækkun á systkinaafslætti til að tryggja að öll börn hafi sem jafnastan aðgang að skóla og frístundastarfi. Með því að hækka systkinaafslátt er leitast við að mæta barnmörgum fjölskyldum og draga úr kostnaði þeirra við skólagjöld og frístundapjónustu.

Frístundastyrkir:

Starfshópurinn leggur til hækkun á frístundastyrkjum í kr. 3000 á mánuði fyrir alla aldurshópa frá 1. september nk., aldursmörk verði hækkuð um tvö ár og verði frá 6 ára til 18 ára aldurs. Meginrök fyrir hækkun frístundastyrks er að tryggja sem jafnastan aðgang allra barna og auka þátttöku þeirra í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Með því að hækka aldursmörk í 18 ár er unnið gegn brottfalli í þessum aldurshópi.

Starfshópurinn leggur til að fræðsluráð endurskoði fyrirkomulag frístundastyrkja í þeim tilgangi að ólíkum þörfum barna og ungmenna sé mætt. Sérstaklega verði horft til þess hvort vikka

eigi út skilyrði fyrir frístundastyrkjum og hvort skilgreind markmið séu of þröng í núgildandi reglum.

Dagforeldrar:

Starfshópurinn leggur til óbreytt fyrirkomulag en á síðasta ári var framlag til niðurgreiðslu á dagforeldragreiðslum hækkað í 50 þúsund auk þess sem greiðslur hefjast nú við 18 mánaða aldur í stað 24 mánaða áður.

Frístundaheimili:

Í tillögum starfshóps um breytingar á rekstri frístundaheimila sem lagðar voru fram síðasta vor komu fram tillögur um gjaldskrá og fyrirkomulag innheimtu sem komnar eru til framkvæmda.